



Minnisblað - karamelluregn á hátíðum

Síðustu misseri hefur komið upp nokkur umræða og óánægja með notkun lítilla flugvéla hjá Ísafjarðarbæ á bæjarhátíðum, s.s. skíðavikuviðburðum og 17. júní, þegar litlum karamellum er dreift úr vélinni yfir hóp fólks og barna.

Horft hefur verið til þess að oft eru veðurskilyrði ekki nægilega góð, og því hefur þurft með skömmum fyrirvara að breyta tímasetningu karamelluregnsins eða hætta við það, með tilheyrandi óánægju smáfólksins. Þá hefur jafnframt verið horft til þeirrar hættu sem stafar af athæfinu, þ.e. að fljúga lítilli flugvél lágt yfir byggð og manna fjölda (þó alltaf með leyfi Samgöngustofu), auk umhverfissjónarmiða varðandi óþarfa útblástur og mengun.

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar hafa kannað aðrar lausnir með karamelluregnið, enda vilji til að halda í þessa skemmtilegu hefðina. Horft hefur verið til lítilla áhalda svipaðra „confetti-sprengja“, og er til skoðunar að kaupa þess háttar „byssu“, leigja hana eða láta smíða sérstaklega, ef kostnaður fer ekki úr hófi fram. Jafnframt er vissulega hægt að nota handaflíð (kasta keramellunum), eins og gert hefur verið til þrautavara þegar veður er of vont fyrir flugið.

Lagt er því til við menningarmálanefnd að taka afstöðu til þess hvort hætta eigi alfarið að nota flugvélar til karamelluregns.

Því tengdu er lagt fram með minnisblaðinu samkomulag milli Kristjáns Þórs Júlíussonar, f.h. Ísafjarðarkaupstaðar, og Arnar Ingólfssonar, f.h. flugáhugamanna á Ísafirði, dags. 7. maí 1996, um að sveitarfélagið veiti árlegan styrk til starfseminnar að jafnvirði álögðum fasteignagjöldum vegna flugskýlis félagsins. Á móti muni félagið annast ýmis atriði í uppákomum á vegum bæjarfélags sem krefjast notkunar lítilla flugvéla. Samningurinn er ótímabundinn, en uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara, og miðast við áramót.

Um er að ræða flugskýli (vöruheymslu) á Ísafjarðarflugvelli, fnr. 212-0980, en fasteignagjöld ársins 2023 eru kr. 188.760. Þess ber að geta að umrætt félag, Flugáhugamannafélag Ísafjarðar, kt. 670183-0849, virðist hafa verið afskráð í bókum Ríkisskattstjóra árið 2007. Þá er eignin skráð án eiganda í þinglýsingabókum, en gömul umráðendasaga frá 1986 bendir til eignarhalds félagsins.

Lagt er því til við menningarmálanefnd að taka afstöðu til þess hvort segja eigi samningnum upp, með hliðsjón af ákvörðun um notkun lítilla flugvéla á skemmtunum.